

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á Akureyri.

Fjölbýlishúsalóð við Skessugil.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar á fundi sínum 2. september 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis III frá 8. apríl 1997.

Breytingin felst í því að í stað áformaðs hverfisvallar við enda Skessugils kemur lóð fyrir tvö tveggja hæða fjölbýlishús með samtals 8 íbúðum.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 27. október 2003.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.